



Borgarráð 17. október 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna skólaþjónustukerfið Búa MSS24100156

Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita hver sé staðan á stafræna skólaþjónustukerfinu Búa. Spurt er af hverju ekkert bólar á Búa þrátt fyrir að langt er síðan að fjármagni var veitt í það verkefni?

Greinargerð

Lengi hefur verið beðið eftir að fá skilvirka og viðeigandi stafræna lausn til að halda utan um þann fjölda barna sem þurfa á sérstakri sérfræðiaðstoð skólaþjónustu. Búi er að því er virðist kerfi sem auðveldar starfsfólki að veita betri og skilvirkari skólaþjónustu. Búi var sagður eiga að hjálpa til að auðvelda samvinnu og samhæfingu og auka gagnsæi gagnvart forsjáraðilum sem og öryggi viðkvæmra gagna.

Sú málaskrá sem nú er við lýði er löngu úr sér gengin og er bæði flókin og tyrfin í notkun sem veldur því að utanumhald getur aldrei verið nákvæmt. Búið er að halda fína kynningu á Búa en hann sjálfur er hvergi sýnilegur. Ef Búi verður einhvern tíma að veruleika mun stafræn persónumappa fylgja hverju barni sjálfvirkt milli skóla. Þetta skref mun breyta miklu í utanumhaldi mála.